

Menningar- og viðskiptaráðuneytið  
Sölvhólsgata 7, 101 Reykjavík  
[nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)

Umsagnaraðili: Ljósmyndarafélag Íslands og Ljósmyndamiðstöð Íslands.

Selfossi 28. febrúar 2023

**Efni: Umsögn um Myndlistarstefnu til 2030, þingskjal 1061, 690. mál,  
þingsályktunartillaga, 153. löggjafarþing 2022–2023.**

Stjórnir Ljósmyndarafélags Íslands og nýstofnaðrar Ljósmyndamiðstöðvar Íslands hafa í sameiningu tekið til umfjöllunar Myndlistarstefnu til 2030, þingsályktunartillögu. Félögin eru bæði aðilar að Myndstef og taka undir þeirra umsögn. Við höfum aðeins litlu við að bæta.

Við fögnum því að stjórnvöld séu að setja sér skýra stefnu í jafn mikilvægri menningu og myndlist er. Við teljum einnig mikilvægt að skýrt komi fram hvað flokkist sem myndlist og að ljósmyndun sé þar ofarlega á blaði. Ljósmyndun á sterka sögu á Íslandi allt aftur til 1854 og ætti að vera tekin, á virkan hátt, með í styrkingu og aukinn sýnileika myndlistar.

Ljósmyndamiðstöð Íslands eru hugsuð sem regnhlífarsamtök fyrir alla ljósmyndara á Íslandi og er því vel til þess fallin að taka þátt hvað varðar innleiðingu myndlistarstefnu til 2030.

Einnig væri eðlilegt að Ljósmyndamiðstöð Íslands væri með í því samráði sem áætlað er á fyrirkomulagi Listskreytingarsjóðs samkvæmt stefnunni.

Virðingarfyllst,

Laufey Ósk Magnúsdóttir,

Ljósmyndari, fomaður Ljósmyndarafélags Íslands og fyrrum stjórnarmaður  
Ljósmyndamiðstöðvar Íslands.